

## 2. fundur Skólaráðs – 7. janúar 2021.

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Erla Kristjánsdóttir og Rúna Björk Júlíusdóttir, fulltrúar foreldra, Tómas Heiðar Helgason og Kristín Vala Björgvinsdóttir 6. bekk fulltrúar nemanda. Ingibjörg Eðvaldsdóttir og Guðrún Kjartansdóttir fulltrúar kennara boðuðu forföll. Örn Arnarsson fulltrúi grendarsamfélagsins.

Fundurinn hófst kl. 8:20

Dagskrá:

1. Margrét byrjaði fundinn á að kynna nýjan deildarstjóra frístundastarfs í Engidalsskóla Örn Arnarsson og greina frá því að skipa þurfi nýjan aðila almennra starfsmanna.
2. Niðurstöður samræmdra prófa. Farið yfir niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk. Stærðfræðin kom ágætlega út, normaldreifðeinkunn 29,8 en meðaltal landsins er 30. Íslenskan kom ekki eins vel út þar var normaldreifð einkunn 27,4. Málnotkun nemenda skilar einkunn upp á 29,0. Við sjáum að þarna er sóknarfæri sérstaklega í lesskilningnum og búið að setja upp ákveðið skipulag til að vinna með hann.
3. Niðurstöður Skólapúlsins. Farið yfir helstu niðurstöður skólapúlsins sem lagður var fyrir 6. bekk í október. Niðurstöðurnar eru í stórum dráttum þær að nemendur eru yfir landsmeðaltali hvað varðar ánægju af lestri og eru duglegri að hreyfa sig en meðal nemandi. Vinna þarf með sjálfstyrkingu, líðan og trú á eign námsgetu í hópnum og síðan í október er búið að vinna töluvert með bekknum og verður áfram gert. Fljótlega eftir að niðurstöðurnar komu gerðu nemendur með sér ákveðið samkomulag um það hvernig þau vilja hafa samskiptin. Kennarar hafa nýtt ýmiskonar efni meðal annars verkfærakistu Vöndu Sigurgeirsdóttir en báðir þeir kennarar sem koma mest að bekknum hafa þekkingu á þeirri vinnu.
4. Önnur mál
  - a. Lesfimiþróf voru rædd en skólin var á fyrstu prófum í haust við eða yfir landsmeðaltali í öllum árgöngum.
  - b. Rætt var um heimanám og voru þeir sem tjáðu sig á fundinum sammála að það væri barn síns tíma. Eftir að skólaskylda lengdist væri mun mikilvægara að nemendur ættu gæða stund með foreldrum heldur en að þurfa að taka auka verkefni með heim. Allir þó sammála að mikilvægt væri að þjálfa lesturinn heima og í skóla.
  - c. Bekkjarfundir komu til tals og hvort möguleiki væri fyrir tengiliði að skipuleggja eitthvað svoleiðis. Skólastjóri gaf heimild fyrir því en þeir fullorðnu sem yrðu með nemendum verði að gæta vel að sóttvörnum
  - d. Rætt var um 7. bekk næsti vetur en ljóst er að 7. bekkur verður í Engidalsskóla frá og með næsta hausti. Stefnt er að því að næsta sumar flytjist sá hluti skjalasafns Hafnarfjarðar sem verið hefur í skólanum í annað húsnæði.
  - e. Félagsstarf 5.-6. bekkjar verður áfram í Engidalsskóla líkt og verið hefur síðustu vikur og mánuði og ekki ljóst hvenær blöndun hópa milli skóla verður leyfð.
  - f. Skólastjóri sagði frá því að hjúkrunarfræðingur væri að hefja störf við skólann og fögnum við því. Hún verður á staðnum þrjá morgna í viku fyrst um sinn.

Fundi slitið kl.9:10

Ritari: Margrét Halldórsdóttir